

Fræðslunefnd - 424

Til : Kristján Þór Kristjánsson <kristkristjans@gmail.com>; Jónas Þ. Birgisson <jonas@lyfja.is>; Nanný Arna Guðmundsdóttir; Magnús Bjarnason; Steinunn Guðný Einarsdóttir; guðrún (gudrunbi@isafjordur.is) <gudrunbi@isafjordur.is>

Frá : Guðrún Birgisdóttir

CC : Fundargerðir

Heiti : Fræðslunefnd - 424

Málsnúmer : 2103007F

Skráð dags : 11.03.2021 10:14:37

Höfundur : Guðrún Birgisdóttir

Viðhengi [Fræðslunefnd - 424.doc](#)[Fræðslunefnd - 424.doc](#)

Góðan daginn hér fáið þið fundargerð fræðslunefndar frá því í morgun.

Dagskrá

1. Verkefnalisti fræðslunefndar 2020-2021 - 2020090032

Kynntur verkefnalisti fræðslunefndar og farið yfir gang mála á honum.

Gerð var grein fyrir hver staðan væri á þeim verkefnum sem liggja fyrir og eru í vinnslu.

2. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2021 - 2021010023

Á 1143. fundi bæjarráðs þann 1. mars 2021 var lagður fram tölvupóstur Hildar Edwald, f.h. nefndasviðs Alþingis, dags. 23. febrúar 2021, þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (kristinfræðikennsla).141. mál.

Umsagnarfrestur er til 9. mars.

Bæjarráð vísaði erindinu til fræðslunefndar.

Lagt fram til kynningar.

3. Þróunarverkefnið Snemmtæk íhlutun með áherslu á málþroska og læsi - 2021030021

Lagt fram til kynningar þróunarverkefnið, Snemmtæk íhlutun með áherslu á málþroska og læsi í samstarfi við Ásthildi Bj. Snorradóttur. Menntamálastofnun fór af stað með verkefnið haustið 2018. Ísafjarðarbær sótti um að vera með þá, en fengu höfnun. Nú er leikskólum Ísafjarðar boðið að taka þátt í verkefninu. Verkefnið er okkur að kostnaðarlausu og hefst samstarf okkar væntanlega nú á vormánuðum.

Fræðslunefnd fagnar samstarfinu.

4. Könnun meðal foreldra á sumarlokunum leikskólana Sólborgar og Eyrarskjóls 2022 - 2021030022

Lögð fram niðurstöður úr könnun sem óskað var eftir af fræðslunefnd á vinnufundi hennar í maí 2020.

Fræðslunefnd samþykkir að sumarlokanir leikskólanna Eyrarskjóls og Sólborgar verði 4.júlí - 2. ágúst 2022 og 17. júlí - 14. ágúst 2023 og rúlli síðan þannig annað hvert ár.

Kv. Guðrún